




ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR L.H.

*Starfsárið 1988-1989
og
reikningar ársins 1988*



LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

EFNISYFIRLIT ÁRSSKÝRSLU STJÓRNAR L.H. 1988 - 1989

	bls.
Stjórn L.H.	1
Skrifstofan	1
Tillögur og ályktanir 39. Ársþings	1
Útgáfumál	3
Ný hestamannafélög	3
Samningar við Félag tamningamanna	3
Mótadagar félaganna	5
Reiðvegafé	6
Áningarhólf L.H.	6
Áningarhólfasjóður	7
Reiðhallarmál	7
Reiðskólinn	8
Náttúruvernd og skógreiðardagar	9
Ýmis mál	9
Helstu viðburðir ársins	11
Landsmót 1990	11
Ferðanefnd	12
Frá Gæðinga- og unginganefnd	12
Frá Dómarafélagi L.H.	12
Frá Fræðslunefnd	13
Skýrsla æskulýðsfulltrúa L.H.	13
Íþróttaráð L.H.	16
FEIF - skýrsla Sigurðar Ragnarssonar	20
Ársreikningar L.H. 1988	23
Skrá yfir árgjöld sambandsfélaganna 1988	27
Ársreikningar Hestsins okkar 1988	29

Skýrsla stjórnar Landssambands hestamannafélaga

starfsárið 1988 -1989.

1. STJÓRN:

Starfsárið 1988 - 1989 sátu eftirtaldir í stjórn L.H:

Aðalstjórn:

Formaður:	Kári Arnórsson, Reykjavík.
Varaformaður:	Skúli Ö. Kristjónsson, Svignaskarði, Mýr.
Ritari:	Guðmundur Jónsson, Mosfellsbæ.
Féhirðir:	Gunnar B. Gunnarsson, Arnarstöðum, Árn.
Meðstjórnendur:	Kristbjörg Eyvindsdóttir, Reykjavík. Sigurður Hallmarsson, Húsavík. Jón Bergsson Ketilstöðum, Egilsstaðir.

Varastjórn:	Ingimar Ingimarsson, Sauðárkróki. Sigfús Guðmundsson, V-Geldingaholti, Árn. Sigbjörn Björnsson, Lundum, Mýr. Hreinn Árnason, Reykjavík. Elísabet Þórólfssdóttir, Garðabæ.
-------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Á starfsárinu voru haldnir 9 stjórnarfundir. Varastjórnarmenn eru yfирleitt boðaðir á stjórnarfundi enda þótt þeim beri ekki skylda til þess að mæta nema á fyrsta fund eftir Ársþing og á fund í lok starfsárs.

2. SKRIFSTOFA L.H:

Skrifstofa L.H. er í Bændahöllinni við Hagatorg. Hún er opin frá kl. 9 - 12 árdegis og 13 - 16 síðdegis. Þar starfa 2 fastráðir starfsmenn þau, Hjalti Pálsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Magnúsdóttir. Bein símalína er 91-29899, en einnig er hægt að hringja í skiptiborð Búnaðarfélagsins í síma 91-19200.

3. TILLÖGUR OG ÁLYKTANIR SÍÐASTA ÁRSÞINGS:

Fræðslumál:

Ekki komu neinar beinar ályktanir um þessi efni á síðasta þingi en ýmis athugunar efni. Nefndin hefur haldið áfram athugun sinni á útgáfu fræðsluefnis með bændaskólunum en framkvæmd á því verki mun verða haldið áfram í veturn. Gerður hefur verið samningur við myndbandafyrirtækið Bergvík um endurvinnslu og útgáfu á gömlum myndum. Þar með hefur gamalt áhugamál komist í höfn. Bergvík annast dreifingu myndanna og L.H. fær í sinn hlut ákveðna prósentu af hverju seldu bandi. Þannig er frá þessum böndum gengið að ekki er hægt að endurrita þau í heimahúsum.

Með þessum samningi er frá því gengið að gamlar kvíkmyndir sem eru heimildir um stórmót og fleira glatist ekki. Sjá nánar skýrslu Kristbjargar Eyvindsdóttur um fræðslunefnd.

Unglingastarfið:

Vísað er til skýrslu Kolbrúnar Kristjánsdóttur um ungingastarfið sem var fjölbreytt og á Kolbrún miklar þakkir skildar fyrir giftusamt starf.

Álit kynbótanefndar:

Því var vísað til sýningarnefndar Búnaðarfélags Íslands og L.H. Fulltrúar L.H. í sýningarnefnd eru Jóhann Þorsteinsson og Skúli Ö. Kristjónsson. Haft var samband við Búnaðarfélag Íslands varðandi lögbundin framlög til verðlauna á kynbótahrossum. Því miður hefur þar engin breyting orðið á.

Álit Gæðinga- og unginganefndar:

Afgreiðsla þingsins á áliti nefndarinnar fól í sér breytingar á 1. gr. 1. kalfa í reglugerð um gæðingakeppni og varðaði þátttökurétt. Einnig breyting á 5. gr. sama kafla um notkun plastfleygbotna. Hvoru tveggja hefur verið sett inn á viðeigandi stað í reglugerð.

Álit mótanefndar:

Til mótanefndar var vísað erindi frá síðasta þingi er varðar rétt til töku á kvíkmyndum á filmur og myndbönd. Það er sameiginlegt álit mótanefndar og stjórnar L.H. að erfitt sé að setja um þetta fastar reglur sem t.d. banni myndatöku. Hins vegar hafi yfirstjórnir lands- og fjórðungsmóta einar rétt til fjölföldunar og sölu slíkra mynda en þær geta að sjálfsögðu framselt þann rétt.

Álit fjárhagsnefndar:

Tillögur um að auka hlutafé L.H. í Reiðhöllinni var vísað til stjórnar L.H. og er nánar gerð grein fyrir því í kaflanum um Reiðhöllina.

Ferðamál:

Leitað hefur verið samráðs við Náttúruverndarráð varðandi fjölförnustu ferðaleiðir. Einnig hefur verið í gangi sameiginleg nefnd Landssambandsins, Búnaðarfélagsins, Landgræðslunnar, Félags hrossabænda og hestaleiganna um ferðir og beitarmál.

Í haust kom út bók, sem ber nafnið "Reiðleiðir á Íslandi". Bókin spannar miðvesturland og mið-Ísland eða kort no. 2 og 5 frá Landmælingum Íslands. Á kortin eru auk reiðleiða, sýndir náttstaðir og ferðapjónustubærir og þeir taldir upp í prentaða texta bókarinnar.

Ólafur B. Schram formaður ferðanefndar hefur tekið þessar upplýsingar saman og kostað útgáfuna og á hann miklar þakkir skildar fyrir.

Varðandi umferðamál þá fóru nefndarmenn úr "UMFERÐANEFDINNI" á fund ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins og ræddu við hann um samskiptin við Vegagerðina í framhaldi af umræðum á síðasta þingi L.H.

Álit allsherjarnefndar:

Ályktun þingsins um innflutning á reiðtygjum og reiðbúnaði vegna hættu á smitsjúkdómum hefur verið komið á framfæri við rétta aðila.

4. ÚTGÁFUMÁL OG PESS HÁTTAR:

L.H. gefur út tímaritið Hestinn Okkar og kom það út í 6 tölublöðum á síðasta ári. Ritstjóri er Jens Einarsson. Á þessu ári hefur fréttabréfið með Jóreyknum komið út stöku sinnum. Það er óregluleg útgáfa sem flytur helstu fréttir og er ritstýrt af framkvæmdastjóra L.H. Þá gaf L.H. út blaðið HESTURINN OKKAR aukablað. Það var í dagblaðsformi og tilgangurinn tvíþættur: annars vegar að afla samtökunum tekna og hins vegar að kynna hestamennskuna. Að blaði þessu var gerður góður rómur. Ritstjóri þess var Eiríkur Jónsson.

Afram var haldið með efnissöfnun í Áfanga og nú eru í vinnslu svæði: Frá Þjórsá og austur að Kirkjubæjklaustri og frá Hvítá í Borgarfirði og vestur um Snæfellsnes og Dali. Vonast er til að þessar bækur komi út á næsta ári.

5. NÝ HESTAMANNAFÉLÖG:

Two félög hafa nú sótt um inngöngu í L.H. Það er hestamannafélagið Sóti á Álftanesi og hestamannafélagið Skuggi í Borgarnesi. Þessi félög öðlast formlega inngöngu í L.H. um næstu áramót að því fengnu að tilskildum formsatriðum hafi verið fullnægt.

6. SAMNINGAR VIÐ FÉLAG TAMNINGAMANNA:

Fulltrúar F.T., L.H. og Félags Hrossabænda hittust í Bændahöllinni 29. nóv. 1988 og gengu frá samningum um gjald fyrir tamningar og reiðkennslu. Samningar þessir voru sendir öllum hestamannafélögum, en við látum þá fylgja með hér á eftir:

Samkomulag um gjald fyrir tamningar 1989

Eftirfarandi samkomulag milli Félags hrossabænda og Landssambands hestamannafélaga annars vegar og Félags tamningamanna hins vegar um viðmiðunargjald fyrir tamningar veturinn 1988 -1989:

	I.	II.
Kaupgjaldsliður, sem er útseld		
vinna af tamningastöð	9.000	12.000
Fóðurkostnaður	3.000	3.000
Húsaleiga	<u>2.500</u>	<u>2.500</u>
kr.:	<u>14.500</u>	<u>17.500</u>

Lægri kaupgjaldstalan er miðuð við þá, sem minni reynslu hafa af tamningum, en sú hærri við reynda og viðurkennda tamningamenn.

Innifalið í kaupgjaldslið er tannröspun, járnningar og lagfæring á járningu.

Í fóðurkostnaði er innifalið, hey, kjarnfóður, lýsi og bætiefni.

Gert er ráð fyrir að 10 hross séu í tamningu að hámarki. Gjald þetta tekur aðeins til félaga í F.T.

Reykjavík, 29. nóvember 1988

f.h. Félags hrossabænda

f. h. Félags tamningamanna

Sigurður Gunnarsson

Erling Sigurðsson

f.h. Kjartans Ólafssonar

Gunnar Arnarsson

Sigurður Gunnarsson

F.h. Landssambands hestamannafélaga

Gunnar B. Gunnarsson

Kári Arnórsson

Ath. Samkomulag er um að vekja athygli viðkomandi aðila á tryggingamálum, sem geta snert tamningastarfsemina, hvort heldur reknar eru tamningastöðvar eða tamið í þjónustu annara.

Samingur um laun reiðkennara innan Félags tamningamanna annars vegar og Landssambands hestamannafélaga hins vegar

Tekið er tillit til menntunar og starfsreynslu kennarans og settir upp tveir launaflokkar. Í því skyni lætur Félag tamningarmanna skrifstofu L.H. í té lista yfir nöfn reiðkennara ásmat réttindum og starfsaldri.

- A. 1. Reiðkennrarar með B. reiðkennrararéttindi. Kr. 2.800.- á mann
2. Reiðkennrarar með B. reiðkennrararéttindi. Kr. 3.400.- á mann og 3ja ára starfsreynslu.
3. Reiðkennrarar með A. reiðkennrararéttindi. Kr. 3.700.- á mann hafa heimild til að leggja 10% á gjald í lið nr. 2.

4. Sérstök námskeið fyrir unglinga 16 ára og yngri skulu vera 80% af gjaldi í lið 1. = kr. 2.200.- lið 2. = kr. 2.700.- á mann.

- B. Gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi á námskeið sé 12 manns.
- C. Námskeið standi minnst 10 klst. og byggist bæði á bóklegu og verklegu námi. Námskeiðsgjald greiðist fyrirfram.
- D. Gjald fyrir ungling miðast við að þeir séu á sérstöku unglingsnámskeiði, en séu þeir í flokki með fullorönum, þá greiði þeir sama gjald og fullorönir.
- E. Sé kennari ekki búsettur á svæðinu, greiðist ferðakostnaður til og frá námskeiðasvæði samkvæmt samkomulagi milli hestamannafélaga og kennara (og er heimilt að leggja hann á þátttökugjaldið).
- F. Samkomulag þetta gildir eingöngu milli reiðkennara F.T. og L.H., og er gildistími þess frá undirskrift. Óheimilt er að aðrir noti taxta þessa en samkomulagið tilgreinir og gildir það ekki fyrir leiðbeinendur byrjenda sem staðist hafa námskeið L.H. Samkomulag þetta gildir ekki fyrir æskulýðsstarf hestamannafélaga og bæjar- eða sveitarfélaga.

Reykjavík 20. nóvember 1988.

F.h. reiðkennara í F. T. F.h. Landssamb. hestamannafél.

Erling Sigurðsson

Gunnar B. Gunnarsson

Gunnar Arnarsson

Kári Arnórsson

P.S. Samingsaðilar vekja á því athygli, að tryggingamálum sé gaumur gefinn. Þar er t.d. um að ræða slysatryggingu á þáttakendum og hrossum svo og ábyrgðartryggingu, er varðar slys á utanaðkomandi aðilum (3ja aðila) og telst á ábyrgð námskeiðsins.

Námskeiðshaldarar geta t.d. verið: hestamannafélög, æskulýðsráð bæja- og sveitafélaga svo og reiðkennrarar sjálfir. Reiðkennurum er bent á að hafa þessi mál á hreinu gagnvart sjálfum sér.

7. MÓTADAGAR FÉLAGANNA:

Það verður æ erfiðara að skipa þannig mótagögum að ekki valdi einhverjum árekstrum. Auðséð er að þrjú móti verða að hafa sérstöðu þ.e. Landsmót, Fjórðungsmót og Íslandsmót í hestaíþróttum. Meira verður að ráðast með önnur móti þó reynt verði enn um sinn að halda sem mest hefðbundunum dögum. Auðvitað kann svo að fara að tvö eða fleiri móti verði þá haldin samtímis. Slíkt á ekki að

koma að sök ef viðkomandi félög eru ekki í miklu nágrenni hvort við annað.

Skrifstofa L.H. vann ásamt formanni mótanefndar Sigfúsi Guðmundssyni V-Geldingarholti úr umsóknum félaganna og mótanefnd raðaði þeim síðan niður. Umsóknir um mótagada þyrftu að berast skrifstofu L.H. mun fyrr en nú gerist svo hægt verði að raða niður móturnum fyrir áramót.

Það er einnig nauðsynlegt fyrir dómarafélagið og Íþróttaráð L.H. sem annast niðurröðun dómara að fá sem fyrst vitneskju um mótin.

Mótanefnd sendi í haust öllum hestamannafélögum bréf með umsóknareyðublaði fyrir beiðni um mótagada á árinu 1990 og óskar eftir að fá þau til baka sem fyrst og eigi síðar en á Ársþinginu í Hveragerði. Mótanefnd telur mjög brýnt að mótaskrá verði tilbúinn fyrir áramót hverju sinni.

8. REIÐVEGAFÉ:

Í nefnd til að vinna úr umsóknum um reiðvegafé áttu sæti Gunnar B. Gunnarsson Arnarstöðum form., Guðmundur Jónsson Höfn og Jón Bergsson Ketilstöðum.

Í ár fékk L.H. 3 millj. króna í reiðvegafé.
Eftirtalin félög hlutu úthlutun:

Freyfaxi	S.-Múlas.	kr.	1.100.000.-
Hornfirðingur	Hornaf.	-	900.000.-
Glófaxi	Vopnaf.	-	100.000.-
Geisli	Breiðalsv.	-	300.000.-
Goði	Fáskrúðsf.	-	300.000.-
Blær	Norðf.	-	250.000.-
Seyður	Seyðisf.	-	50.000.-
		kr.	3.000.000.-

L.H. átti inni ónotað frá því í fyrra kr. 765.200.-
Var því úthlutað þannig:

Smári	Hreppum, Árn.	kr.	200.000.-
Skógarhólar	Fært f.f. ári	-	300.000.-
Gnýfari	Ólafsfirði	-	100.000.-
Hörður	Kjósas.	-	90.200.-
Þjálfi	S.-Þing.	-	75.000.-
		kr.	765.200.-

9. ÁNINGARHÓLF L.H.:

Í Skógarhólum var gestkvæmt s.l. summar. Þar voru gisti nætur hrossa um 1600 en herbergi voru leigð út í uppb. 250 nætur. Þenn var unnið að umbótum í Skógarhólum, þar eru nú 5 herbergi með rúmstæðum fyrir rösklega 20 manns. Hreinlætisaðstaða er góð, og þar er stórvorðstofa með

eldunaraðstöðu. Þar er einnig að finna góð tjaldstæði og gott svæði fyrir hjólhýsi.

Réttin í Skógarhólum er ekki sterk (burðarmikil) og þarf því sí og æ að hlaða upp grjóti í skörð, sem myndast í réttarveggina. Séra Heimir Steinsson þjóðgarðsvörður og Þór Magnússon þjóðminjavörður eru hlynntir því að ágangi verði létt af réttinni. Í athugun er að verða við þeim óskum og koma upp hestarétt við hlið beitarhólfanna. Ef af þessu getur orðið ætti það enn að auka á ágæti og fegurð þessara perlu sem hestamenn sjá undir Ármannsfelli. Einnig er búið að setja upp veglegt hlið í Skógarhólum.

Skógreiðardagar.

Hugmyndaríkar og duglegar hestakonur úr hestamannafélögum á þéttbýlissvæðinu komu með hóp æskufólks til Skógarhóla s.l. sumar. Auk margslags fræðslu um hestamennsku, plöntuðu þau trjám og hlustuðu á þjóðgarðsvörð sem fræddi þau um Þingvelli. Vörslumaður í Skógarhólum var Haflidi Gíslason kennari.

Á Hveravöllum var selt hey eins og gert hefur verið undanfarin ár. Að þessu sinni var fengið hey norðan úr Húnnavatnssýslu, og Guðrún Stefánsdóttir vörslumaður Sauðfjárveikivarna sá um söluna sem hún gerði einnig sumarið áður. Að hennar sögn fóru um 600 hross þarna um og er það talsvert minna en í fyrra og mun þar sjálfsagt eitthvað um að kenna að ekki varð fært um hálendið fyrr en liðið var á sumar.

Skrifstofa L.H. er nú að safna upplýsingum um áningaráhólf og gistiaðstöðu víðsvegar um landið og væntir þess að félögin komi upplýsingum þar að lútandi áleiðis til skrifstofunnar.

10. ÁNINGARHÓLFASJÓÐUR:

Á árinu 1989 komu hestamannafélögin Svaði á Hofsósi og Glæsir á Siglufirði upp hólfni í Fljótum. Er það staðsett nálægt skólanum Sólgörðum og er þar sundlaug og gistiaðstaða og aðstaða öll hin besta. Fengu þeir 50 þús. kr. styrk úr sjóönum til þess verkefnis.

Í Víðikeri á Uxahryggja- eða Kaldadalsleið kom L.H. upp áningaráhólfni í stað hólfss sem bændur í Þingvallasveit komu þar upp á sínum tíma. Gamla hólfnið var komið til ára sinna og orðið gjörónýtt.

11. REIÐHALLARMÁL:

Á síðasta þingi voru mál Reiðhallarinnar til umræðu. Þá kom skýrt í ljós að fjárhagserfiðleikarnir voru miklir. Miklar skuldir höfðu hlaðist upp og reksturinn ekki gengið sem skildi. Á aðalfundi Reiðhallarinnar sem haldinn var í febrúar var kjörin ný stjórn. Formaður L.H. tók þá sæti í stjórninni sem fulltrúi L.H. Við nána skoðun á fjármálum

Reiðhallarinnar kom í ljós að skuldir voru orðnar um 100 milljónir króna. Það reyndist ótrúlega tafsamt að fá greinagóðar upplýsingar um stöðu mála. Athugun sýndi að þær áætlanir sem gerðar höfðu verið stóðust ekki. Milli 20 og 30 milljónir króna voru í uppnámi og sjáanlegt að safna þyrfti auknu hlutafé til að bjarga bráðaskuldum. Stjórnin ákvað að leita til hestamanna um loforð um aukið hlutafé. Bréf voru send til allra hestamanna innan L.H. og Félags hrossabænda og tók L.H. á sig verulegan kostnað og mikla vinnu af þessum sökum. Ákveðið var að fara í fundaferð um allt land til að fylgja þessu máli eftir. Út á þau loforð sem þannig yrði safnað hugðist stjórnin síðan fá lán til að bjarga bráðaskuldum. Þegar það mál var hins vegar skoðað nánar þá voru lán ekki fáanleg nema lögð yrði fram rekstraráætlun sem sýndi að hægt væri að reka Reiðhöllina þannig að hún stæði undir skuldum. Þetta reyndist ekki hægt og því varð ekki úr frekari fundahöldum. Í þetta allt fór mjög mikill tími, bæði að átta sig á málum Reiðhallarinnar svo og að reyna að vinna úr þeim á sem bestan hátt. Lang mest af starfstíma formanns L.H. fór í þessi mál svo og Reiðskólann en þar höfðu áætlanir heldur ekki staðist og verður komið að því síðar. Fundað var vikulega í langan tíma og rætt við forystumenn Reykjavíkur og ríkisstjórnina. Annars vegar var rætt um leigu á húsinu til borgarinnar og hins vegar um leigu á húsinu undir heimsmeistarakeppnina í handbolta sem vera á hér á landi árið 1995. Eftir all nokkrar vangaveltur reyndist hvorugur þessara kosta vera fyrir hendi. Ákvörðun lögreglustjóra um skemmtanabann í Reiðhölli hafði áhrif á það að eftir henni væri sótt til þeirra hluta. Sýningar aðrar en dýrasýningar gáfu ekki tekjur. Dýrasýningar reyndust gefa best, ekki síst hestasýningar.

Þegar allar leiðir sem mönnum kom í hug höfðu verið reyndar án árangurs var ekki um annað að gera en óska eftir gjaldþrotaskiptum. Það var gert með bréfi 27. september. Uppboð fór fram á eigninni 4. október og Framleiðnisjóður keypti húsið fyrir 70 milljónir króna. Þegar þetta er ritað er ekki vitað hvernig verður um framhaldið.

Af mikilli bjartsýni var ráðist í byggingu Reiðhallarinnar. Menn gerðu sér strax ljóst að rekstur hennar gæti ekki einvörðingu grundvallast á hestamennsku. Fjárfesting fór hins vegar úr böndum og skuldir urðu mun meiri en upphaflega var ráð fyrir gert. Vonir manna um rekstrargrundvöll brugðust og því fór sem fór. Skuldir voru orðnar er yfir lauk röskar 100 milljónir. Vonandi eru þeir tímar framundan að hestamennskan geti notið þessa húss og þannig varðveitist sú dýra hugsjón sem að baki býr. En þar er enn mikið verk að vinna.

12. REIÐSKÓLINN:

Ný stjórn Reiðhallarinnar kaus skólanefnd úr hópi

stjórnarmanna eins og reglugerð um Reiðskólann gerir ráð fyrir. Hennar fyrsta verk var að skoða reksturinn. Kom þá í ljós að rekstur hans gekk erfiðlega og stóð ekki undir kostnaði. Gengið var í það að fækka starfsliði og minnka kostnað sem frekast var unnt. Þátttaka grunnskólanema var all góð og námskeiðin fyrir þá tókust vel. Almenn námskeið voru hins vegar ekki eins vel sótt seinni hluta vetrar eins og gert hafði verið ráð fyrir. Skólanefndin, en hana skipuðu Kári Arnórsson form., Guðmundur Jónsson og Halldór Gunnarsson ákvað að hætta rekstri skólans 10. apríl. Var þá öllu starfsfólki sagt upp svo og leigu á hestum og hesthúsi. Skólastjóri var þó áfram á launum en hann hafði verið ráðinn til eins árs. Eftir að hann hafði gengið frá skýrsluhaldi og öðrum frágangi samdi skólanefndin um það við hann að hann léti af störfum. Skólanefndin tók þá ákvörðun að Reiðskóli yrði aðeins rekinn frá 15. janúar til 15. apríl næsta ár og enginn skólastjóri ráðinn heldur yrði skólinn í umsjá Reiðhallarinnar. Sú samþykkt hefur reyndar lítið gildi í dag því óvist er hvar Reiðskólinn getur verið til húsa. Gera verður allt sem hægt er til að skólinn verði starfræktur svo hestamenn geti varðveitt þann árangur sem náðist vegna tengingar reiðmennskunar við skólakerfi landisns.

13. NÁTTÚRUVERND OG SKÓGREIÐARDAGAR:

Eins og öllum er kunnugt þá hefur verið í gangi mikil umræða um verndun náttúrunnar, ekki síst gróðurlendis. Stjórn Landssambandsins taldi rétt að blanda sér í þá umræðu og leggja fram hugmyndir að því hvernig hestamenn gætu unnið þessu þrifamáli gagn. Hið fyrsta var að hvetja hestamenn til góðrar umgengni um landið og sýna að hestamönnum væri það jafnvel meiri nauðsyn en öðrum að gróðurlendi væri ekki spillt. Einnig var mönnum bent á að þetta gilti bæði um umferð svo og beitarhólf. Fulltrúi frá Landsambandinu sótti fund sem haldinn var í Bændahöllinni þar sem mættir voru fulltrúar frá Búnaðarfélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins, Félagi hrossabænda og stærstu hestaleigunni.

Fundurinn var haldinn með formanni Skógræktarfélags Íslands og kynnt hugmyndin um SKÓGREIÐARDAG. Þrátt fyrir að illa voraði þá framkvæmdu nokkur félög hugmyndina um skógreiðardag en betur þarf að taka á því máli síðar.

14. ÝMIS MÁL:

Fundur með fulltrúum eyfirsku félaganna.

15. apríl var haldinn sameiginlegur fundur með fulltrúum eyfirsku hestamannafélaganna og stjórn L.H. Fundurinn

var haldinn á Dalvík í boði Hrings. Skipst var á skoðunum varðandi aðild fyrrnefndra félaga að L.H. Eyfirksu félögin höfðu lagt fram umræðugrundvöll sem fól í sér þrjú megin atriði. 1. Eyfirðingar fengju verulegan hluta reiðvegafjár í sinn hlut næsta ár. 2. Gerðar yrðu kerfisbreytingar á skipulagi L.H. þannig að í hverjum fjórðungi yrði komið á fjórðungsráði sem fari með innri mál fjórðungsins til að auka samstarf innan þeirra. Fjórðungsráðin kysu sinn fulltrúa í stjórn L.H. 3. Mótahaldi yrði breytt þannig að landsmót yrðu annað hvert ár og væru til skiptis borin uppi af kynbótasýningum gæðingasýningum. Næsta landsmót yrði breytt í kynbótamót með gæðingaúrvali og haldið fyrstu dagana í júní.

Stjórn L.H. taldi að eyfirsku félögin myndu fá réttlátan hlut af reiðvegafé á næsta ári væru þau orðin aðilar að L.H. Minnt var á að 1987 þegar fjórðungsmót var haldið í Eyjafirði þá fengu eyfirsku félögin svo til allt vegaféð það ár. Varðandi skipulagsmál L.H. væri eðlilegt að hefja um það umræðu á næsta Ársþingi Landssambandsins.

Um þriðja liðinn þá gátu stjórnarmenn ekki tekið undir óskir um breytingar á næsta landsmóti. Þá óskuðu Eyfirðingar eftir því að hugmyndir þeirra yrðu kynntar framkvæmdanefnd landsmóts og stjórn L.H. tók það að sér. Það var gert með bréfi til formanns framkvæmdanefndar 19. apríl. Framkvæmdanefndin hélt fund um þetta mál 18. júní og taldi það ekki í sínum verkahring að breyta móturnum L.H. enda væri þegar búið að dagsetja umrætt mótt og auglýsa það heima og erlendis sem hefðbundið landsmót. Í sama streng tók Þorkell Bjarnason ráðunautur B.Í. Með bréfi dagsettu 26. júní var eyfirsku félögunum gerð grein fyrir þessari niðurstöðu og það jafnframt að stjórn L.H. væri reiðubúin til annars fundar á sömu forsendum og fyrr. Stjórn L.H. hafði boðið upp á það að ef stjórnir eyfirsku félaganna samþykktu að leggja fyrir aðalfundi sína á næsta ári að ganga í L.H. þá myndi hún beita sér fyrir því að félagsmenn þessara félaga gætu tekið þátt í móturnum sumarsins sem L.H. stæði að (úrtökumót og Íslandsmótt svo og opnar keppnir innan L.H.-móta) svo og landsmótinu 1990. Lengra taldi stjórn L.H. sig ekki geta gengið. Þessu tilboði var ekki tekið.

Þegar þetta er skrifað þá er í undirbúningi annar fundur með eyfirsku félögum, en óvist hvort hann getur orðið fyrir Landsþing. Skylt er að taka það fram að fundurinn á Dalvík fór hið besta fram og eiga Hringsmenn þakkir skyldar fyrir myndarlegar móttökur.

Aðalfundur FEIF var haldinn strax eftir Evrópumót eins og fram kemur í skýrslu Sigurðar Ragnarssonar. Aðalfundur 1990 verður haldinn á Íslandi að loknu landsmóti. Mikill hugur er í FEIF-félögum að sækja landsmótið og jafnframt fyrir "minni" Evrópumóti í tenglsum við landsmótið.

Stjórnarmenn sóttu heim Sigurð Haraldsson bónda í

Krikjubæ í tilefni af sjötugsafmæli hans. Einnig sóttu formaður og framkvæmdastjóri heim Þorkel Bjarnason á sextugs afmæli hans. Formaður L.H. var heiðursgestur í 40 ára afmælishófi hestamannafélagsins Sindra.

Haldinn var sameiginlegur fundur með stjórnum allra hestamannafélaganna í Reykjavík og nágrenni. Var þar m.a. rætt um Skógreiðardag, umferðamál í þéttbýli og stofnun HÍS.

Fundur var haldinn í Hafralækjarskóla í Suður-Þing. með stjórnum Þjálfa og Grana. Ekki varð af öðrum fundum með félögunum vegna fyrirhugaðra funda um Reiðhallarmál svo sem að er vikið annars staðar.

HELSTU VIÐBURÐIR ÁRSINS:

Sýning stóðhesta frá Stóðhestastöð ríkisins, Gunnarsholti virðist njóta sívaxandi vinsælda og voru áhorfendur margir og allsstaðar að af landinu.

Hestaíþróttasamband Íslands. 16. maí var stofnað Hestaíþróttasamband Íslands sem er sérsamband innan Í.S.Í. Sjá skýrslu íþóttaráðs.

Fjórðungsmót var haldið dagana 29.6 - 2.7. á velli Freyfaxa við Iðavelli á Héraði. Stóðu að því félög af Austurlandi, og var það nokkuð vel sótt.

Íslandsmótið í hestaíþróttum var haldið dagana 21.-23.7 í Borgarnesi á nýjum, glæsilegum og góðum velli. Þátttaka var góð og áhorfendur margir.

Evrópumót í hestaíþróttum fór fram í Vilhelmsborg í Danmörku dagana 16. - 20. ágúst. Þetta var í 10. skiptið sem mótið er haldið. Fyrsta mótið fór fram í Þýskalandi 1970. 7 keppendur frá Íslandi tóku þátt í mótinu í ár og mikill fjöldi Íslendinga mætti í Vilhelmsborg sýningardagana.

16. LANDSMÓT 1990:

Undirbúnингur Landsmóts hestamanna sem haldið verður á Vindheimamelum í Skagafirði dagana 3. - 8. júlí á næsta ári er nú í fullum gangi. Formaður framkvæmdarnefndar er Sveinn Guðmundsson á Sauðárkróki en 5 manna framkvæmdaráð skipað Skagfirðingum starfar á milli funda aðalnefndar, og mun það bera hitann og þungann af undirbúningu, skipulagningu og framkvæmd mótsins.

Verklegar framkvæmdir hafa staðið yfir í sumar og haust og má þar m.a. nefna nýjan völl fyrir dóma kynbótahrossa, stakkun áhorfendabrekku við aðalsýningarsvæði, viðbótar stóðhestahús og stakkun veitingahúss.

Drög að dagskrá mótsins liggja nú fyrir svo og inntökuskilyrði, en mótið mun nú hefjast degi fyrr en

tíðkast hefur til þessa, eða á þriðjudegi.
Flest bendir til, að væntanlegt landsmót verði umfangsmeira og betur sótt en dæmi eru til um, til þessa og má í því sambandi nefna að allt gistirými í Skagafirði er fyrir löngu uppurið.

17. FERÐANEFND:

Í ferðanefnd eiga sæti Ólafur B. Schram formaður, Bjarni Hákon Frímannsson og Þór Guðmundsson. Nefndin hefur náð saman miklum og góðum upplýsingum um reiðleiðir og aðstöðu sem ferðamönnum stendur til boða, bæði hjá bændum sem reka ferðapjónustu og eins náttstaði í leitarmannakofum á hálandinu. Eins og fram kemur í þessari skýrslu (sjá bls. 2) hefur þegar komið út bók sem nær yfir mið-Ísland og mið-vesturland. Er það von okkar að "Reiðleiðum á Íslandi" verði vel tekið svo framhald geti orðið á útgáfu þessara merkilegu og greinargóðu lýsinga, sem hestamenn á mörgum undanförnum landsþingum hafa samþykkt að gefin verði út.

18. FRÁ GÆÐINGA- OG UNGLINGANEFND:

Starfsemi Gæðinga- og unglingsnefndar hófst með undirbúningi að héraðsdómaranámskeiði, sem halddið var í Reykjavík í maí 1989. 11 manns sóttu námskeiðið og stóðust próf.

Óvenju fá mál lágu fyrir þó ber að geta eins, þ.e. tillögu frá síðasta Landsþingi um gleggri skil milli gæðingakeppni annars vegar, og í íþróttakeppni hins vegar. Þetta hefur verið rætt án þess að ákvarðanir hafi verið teknar. Þetta mál er vandmeðfarið og þarf að skoðast vel.

Ekki þykir árennilegt að breyta endilega núna, þar sem landsmót fer í hönd á næsta sumri, en það ætti að vera tími til að skoða þetta stórmál ofan í kjölinn á þeim tíma, og sannarlega ekki vanþörf á.

F.h. Gæðinga- og unglingsnefndar

Jóhann Þorsteinsson.

19. FRÁ DÓMARAFÉLAGI L.H.:

Aðalfundur dómarafélagsins var haldinn á Hótel Sögu 17.12.1988. Aðalfundurinn samþykkti þar breytingar á félagslögum, að fengnum tillögum frá starfandi laganeftinn innan félagsins, þess efnis að aðalfundur skyldi haldinn annað hvert ár, og verður því næsti aðalfundur 1990. Á milli aðalfunda skal halda deildarstjórafund og virkar hann til ákvarðanatöku.

Eitt veigamikið mál var til umræðu á fundinum, en það var tillaga frá Dómarafélagi L.H. um fulla aðild fyrir 1 fulltrúa á Landsþingi.

Fundurinn samþykkti að lýsa vanþóknun sinni á þeirri

meðferð og því skilningsleysi sem fulltrúar á 39. Landsþingi L.H. sýndu þeirri tillögu frá D.F.L.H. sem kvað á um fulla aðild fyrir 1 fulltrúa á þing L.H.

Stjórninni var falið að fylgja þessu máli eftir.

Félagið starfaði með venjulegum hætti, fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu. Félagið telur nú sem fyrr um 140 félaga, og er deildarskipt um allt land. Hver deild hefur þriggja manna stjórn og eru deildirnar alls 7. Deildarstjórnir hafa ábyrgð á að raða niður dómurum hver á sitt svæði, á innanfélagsmótum.

Á landsmótum sér aðalstjórn um dómara í samráði við stjórn L.H., en á fjórðungsmótum í samráði við framkvæmdanefnd.

Þessi 140 manna hópur reynir að þjóna hestafólki eftir bestu getu, það er síðan lagt í ykkar hendur að meta hvernig til hefur tekist.

EKKI hefur staðið á gagnrýni, en hvernig væri að breyta til og benda vinsamlega á það sem brekkudómurum sýnist að mætti betur fara.

Stjórn félagsins skipa nú:
Jóhann Þorsteinsson, Miðsitju,
Jóhann Friðgeirsson Hofi,
Sigurður Guðmundsson, Höskuldsstöðum

F.h. stjórnar,

Jóhann Þorsteinsson.

20. FRÁ FRÆÐSLUNEFND:

Fræðslunefnd L.H. 1988 - 1989 skipuðu: Kristbjörg Eyvindsdóttir, Sesselja Guðmundsdóttir, Sigríður Johnsen, Auður Stefánsdóttir og Guðmundur Ólafsson.

Helstu mál nefndarinnar voru, gerð kennslumyndbands fyrir byrjendur og endurvinnsla gamalla kvíkmynda frá landsmótum. Unnið er að gerð samnings við Bergvík sf um myndbandsgerð og dreifingu myndbanda af landsmótum.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var rætt við kunnáttu og atvinnumenn í gerð myndbanda, kom þá í ljós að töluverður kostnaður fylgir gerð kennsluefnis var því ákveðið að efnt yrði til viðræðna um samstarf og fjárlöflun við skólamenn á Hóllum og á Hvanneyri. Til viðræðna við þá færð gjaldkeri L.H. Gunnar B. Gunnarsson, Sigurður Hallmarsson og Kristbjörg Eyvindsdóttir. Vegna verkfalla í vor döguðu fundarhöld uppi, en vonandi kemst skriður á fjárlunarmál sem fyrst.

STARFSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSFULLTRÚA L.H. FYRIR ÁRIÐ
1989

Æskulýðsstarf mitt hófst frekar seint vegna óveðurs og ófærðar um allt land síðastliðinn veturnar. Þó fór ég suður að beiðni Lísbetar í Holtsmúla, 11. febrúar til að halda fund á Hellu með unglungum úr Geysi. Ég var rúma 3 tíma frá Reykjavík með rútu austur á Hellu og kom því of seint á fundinn, enda höfðu fáir mætt því veður var mjög slæmt og færðin eftir því. 14. febrúar sat ég svo fund með fulltrúum og unglungum úr Gusti og Sörla í Hafnarfirði. Var þar mikill fjöldi samankominn eða um 50 manns.

Ég sendi bréf til allra hestamannafélaga innan L.H. í mars, þar sem ég sagði frá því helsta sem væri á döfinni í unglingastarfinu. Viðbrögð voru heldur dræm, enda allt á kafi í snjó allsstaðar eða ég afsaka þetta þannig, því ég hefði kosið að heyra frá fleirum.

Í apríl fór ég suður og hélt fund hjá Geysi á Hellu og sat fund á Selfossi með hestamannafélögum í Árnессýslu. Fór ég síðan með formanni hestamannafélagsins Smára á fund í Brautarholtskóla, skólanum á Flúðum og í Ásaskóla. Einnig sat ég fund í Hafnarfirði vegna væntanlegs æskulýðsmóts hjá sunnlensku hestamannafélögunum. Ég sat svo fund með formanni og framkvæmdastjóra L.H. áður en ég fór heim.

27. apríl fór ég á fund í Varmahlíð í Skagafirði, en mæting þar var heldur léleg.

30. apríl sat ég fund á Selfossi vegna sýningar í Reiðhöllinni og væntanlegs æskulýðsmóts hjá hestamannafélögum í Árnессýslu. Á þessum fundi var m.a. ákveðið að ungligar úr Árnессýslu yrðu með sýningarátriði í Reiðhöllinni dagana 5. - 7. maí. Næstu 4 dagar fóru í að æfa og undirbúa sýninguna sem við unnum að í sameiningu, ég og aðstandendur unglinganna. Var þetta mjög góð og skemmtileg samvinna.

Dagana 23. - 25. júní var ég á æskulýðsmóti í Skógarhólum sem sunnlensku hestamannafélögin héldu. Mótið fór í alla staði mjög vel fram og allir skemmtu sér hið besta.

Laugardaginn 8. júlí var ég á æskulýðsmóti í Biskupstungum sem hestamannafélögin í Árnессýslu héldu. Veður var mjög slæmt þennan dag, en unga fólk ið lét það ekkert á sig fá og mættu um 80 ungligar í sólskinsskapi. Þau ætluðu svo öll í sameiginlegan útreiðatúr daginn eftir. Þetta var einnig mjög gott mótt.

Snemma á árinu kom bréf frá æskulýðsfulltrúa FEIF, þar sem íslenskum unglungum var boðin þátttaka í ferðalagi á íslenskum hestum í Danmörku, 7 daga ferð á E.M. í

Vilhelmsborg. Í tengslum við þessa ferð voru miklar bréfaskriftir og hringingar. Að lokum var svo ákveðið að héðan fáru 4 stúlkur. Ég fór með þeim út 8. ágúst og komið var til baka 22. ágúst. Þessi ferð var skipulögð af æskulýðsfulltrúa FEIF og var þetta 30 manna hópur. Með íslensku stúlkunum og erlendu unglingsunum tókst góð vinátta og skrifast þau á. Einhver þeirra ætla að koma á landsmótið næsta ár. Þetta var alveg ógleymanleg ferð, bæði skemmtileg og fróðleg.

Nokkur hestamannafélög hafa farið með sína unglings á námskeið bæði í Reiðhöllinni og til Reynis á Sigmundarstöðum. Sum félög hafa farið með unglingana í ferðalag með rútu og þá heimsótt þekkt hrossabú m.a. Hóla í Hjaltadal.

Ég hef nú drepið á því helsta sem gerst hefur í unglingastarfinu s.l. ár. Ég tel nauðsynlegt að öll hestamannafélög sendi æskulýðsfulltrúa L.H. skýrslu um unglingastarfið fyrir líðandi starfsár.

Með bestu félagskveðju

Kolbrún Kristjánsdóttir

12. Ársþing Íþróttaráðs L.H.

SKÝRSLA STJÓRNAR:

Stjórn íþróttaráðs L.H. árið 1988 - 1989 var skipuð eftifarandi mönnum:
Pétur Jökull Hákonarson, formaður
Guðmundur Sveinsson, varaformaður
Lísbeth Sæmundsson, gjaldkeri
Hafliði Gíslason, ritari
Trausti Þór Guðmundsson
Jens Oli Jespersen, varamaður
Guðmundur Einarsson, varamaður

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á stjórnarárinu. En mjög erfitt reyndist á síðastliðnum vetri að ná saman öllum stjórnar mönnum v/mjög efrsiðs tíðarfars og varð því að leysa mörg mál sem upp komu í gegnum síma.

Á fyrsta fundi stjórnar var strax hafist handa um að skipa í nefndir.

Í Evrópunefnd voru skipaðir eftirtaldir:
Pétur Jökull, formaður
Sveinn Jónsson, gjaldkeri
Guðmundur Jónsson, ritari
Hafliði Gíslason, meðstjórnandi
Sigurður Sæmundsson, meðstjórnandi
Sigurbjörn Bárðarson, meðstjórnandi
Gylfi Geirsson, meðstjórnandi

Verkefni E.M. nefndarinnar er að semja úrtökureglur fyrir landsliðsvalið og skipuleggja og standa að úrtökumóti og vali á landsliði Íslands í hestaþróttum en að þessu sinni var E.M. mótið 16. - 20. ágúst í Danmörku.

Jens Oli Jespersen var skipaður sem tengiliður fyrir Norðurland og honum falið að kanna áhuga á úrtöku fyrir norðan ekki reyndist fyrir því áhugi og var því haldið eitt úrtökumót á Varmárbökkum í Mosfellsbæ á móttssvæði Harðar.

Í þá nefnd sem vinnur að skipulagningu Hestadaga í Reiðhöllinni voru skipaðir:

Trausti Þór Guðmundsson
Hafliði Gíslason
Pétur Jökull sat áfram í famkvæmdaneftir Hestadaga.

Þrír menn voru skipaðir í undirbúning að stofnun sérsambands Hestamanna að beiðni ÍSÍ. Það eru:

Pétur Jökull
Sigurbjörn Bárðarson
Sigurður Sæmundsson

Mikið starf var hjá E.M. nefndinni. Gera þurfti nýjar úrtökureglur vegna þeirra miklu breytinga sem gerðar voru á Feisfreglunum síðastliðið ár. Það tókst að lokum og urðu menn sammála um E.M.lykilinn sem við köllum svo en það eru þær reglur sem keppt er estir til að komast í hin eftirsóttu landsliðssæti fyrir Ísland á E.M. móturnum.

Úrtakan var síðan haldin 7. og 8. júlí í Mosfellsbæ. Eftirtaldir hrepptu hin eftirsóttu 7 sæti:

Baldvin Ari Guðlaugsson og Tryggur 9 V. frá Vallanesi Skagafirði
Aðalsteinn Aðalsteinsson og Snjall 11 V. frá Gerðum V-Landeyjum.
Einar Oder Magnússon og Fjalar 6 V. frá Hafsteinsstöðum Skagafirði.
Atli Guðmundsson og Fjalar 8 V. frá Fossvöllum Jökulárhlið.
Jón Pétur Ólafsson og Glaumur 11 V. frá Sauðárkróki.
Hinrik Bragason og Vafi 10 V. frá Hvassafelli Eyjafirði.

Fimm nýliðar voru að þessu sinni í landsliðinu. Komust allir okkar menn í verðlaunasæti og stóð landsliðið sig allt með ágætum og voru landi og þjóð til fyrirmynnar í hvívetna. Mikil vinna var við fjárlöfun til handa landsliðinu og var eins og á síðustu E.M. mótm "plattarnir" okkar aðal tekjulind. Gísli B. Björnsson hannaði myndina á "plattann" og gaf sína vinnu og þökkum við honum ásamt öllum þeim sem veittu okkur ómetanlegan stuðning við að afla fjár fyrir landsliðið sem tókst að lokum.

Íþróttaráð stóð að "Hestadögum í Reiðhöllinni" með sama hætti og í fyrra. Með atriði sem börn og unglinar stóðu að, fyrri sýningarhelgina voru leiðbeinendur Sigrún Sigurðardóttir og Hafliði Gíslason. En sýnendur voru frá félögum á stór Reykjavíkursvæðinu. Seinni sýningarhelgin var undir stjórn Kolbrúnar Kristjánsdóttur æskulýðsfulltrúa L.H. en þátttakendur voru frá félögum fyrir austan fjall. Sýning þeirra var bæði nýstárleg og skemmtileg.

Íþróttaráð stóð einnig fyrir móti sem haldið var í Reiðhöllinni og tókst það mjög vel.

FERÐIR TIL ÚTLANDA:

Beiðni kom frá Finnlandi um að halda dómaranámskeið og var það gert og útskrifaðir fimm fyrstu íþróttadómarar Finnlands.

Leiðbeinandi var Pétur Jökull.

Einnig kom samskonar beiðni frá Færeymum og þar voru útskrifaðir 7 dómarar einnig fyrstu dómarar Færeya. Leiðbeinandi var Haflidi Gíslason.

Dómarar fyrir Ísland á E.M. voru þeir Pétur Jökull og Pétur N. Pétursson fóru þeir á dómararáðstefnu í Þýskalandi 29.-30. apríl en samkvæmt lögum Feif sá einungis þær þjóðir að senda dómara til E.M. sem mæta á þær dómararáðstefnur sem haldnar eru að tilhlutan Feif og tel ég nauðsynlegt að dómarar sem eiga að dæma saman á E.M. hittist og samræmi sín sjónarmið.

Annar fulltrúi Íslands á aðalfundi Feif var frá Íþróttaráði Pétur Jökull ásamt Kára Arnarsyni.

Unnið var að krafti við undirbúning að stofnun sérsambands Hestamanna innan ÍSÍ og var Hestaþróttanefnd skipuð af ÍSÍ og hana skipuðu eftirsarandi.

Pétur Jökull, formaður
Sigurður og Lisbeth Sæmundsson
Sigurbjörn Bárðarson
Hákon Bjarnason
Hrafnkell Guðnason

Hittust nefndarmenn á 5 formlegum fundum dyggilega studdir af Sigurði Magnússyni framkvæmdastjóra ÍSÍ en hann hefur reynst okkur ómetanlegur við undirbúning og stofnun sérsambandsins.

Verkefni nefndarinnar var að vinna að mótnun laga og reglna og undirbúning stofnunar sérsambands sem tókst og var stofndagurinn ákveðinn 16. maí 1989 í húsakynnum ÍSÍ að viðstöddum fulltrúum frá þeim íþróttadeildum sem gengnar voru í viðkomandi héraðssamband, ásamt forseta ÍSÍ Sveini Björnssyni sem stjórnaði stofnfundi, Sigurði Magnússyni, Gísla Halldórssyni heiðursforseta ÍSÍ og stjórn ÍSÍ. Þá voru einnig boðnir til hátiðarinnar þeir kári Arnarson formaður L.H. og Hjalti Pálsson framkvæmdastjóri L.H. Að lokinni kynningu á lögum og reglum voru þær samþykktar með lítilsháttar orðalagsbreytingum og síðan kosin stjórn en hana skipa eftirtaldir:

Pétur Jökull, formaður
Hákon Bjarnason
Lísbeth Sæmundsson
Hrafnkell Guðnason
Þorsetinn Hólm Stefánsson

Fyrsti fundur hefur þegar verið haldinn innan H.I.S. en það er skammstöfunin á Hestaþróttasamband Íslands. Meiningin er að H.I.S. taki yfir smátt og smátt störf íþróttaráðs L.H. og íþróttaráð lagt niður.

Íslandsmóti í Hestaþróttum eru að verða með stærri mótmum hestamanna og sennilega koma þau orðið næst Landsmótmum hvað viðkemur bæði fjölda hesta, knapa og áhorfenda. En síðasta móti var haldið í Borgarnesi dagana 21. - 23. júlí á stórglæsilegu móttssvæði, hestaeigenda félagsins Skugga og

mætti halda að þeir sem að þessum undirbúningi stóðu hafi verið óskaplega margir eða nærst á kjarnorku undir stjórn Ámunda Sigurðsson sem var framkvæmdastjóri mótsins því þegar ég kom í Borgarnes í nóv '88 og var sagt að þeir ætluðu að gera þetta og þetta byggja 250 m² félagsheimili, breita klöppum í grasi grónar áhorfendabrekkur sem rúmuðu 1000 manns í sæti, nýja velli og hlaupabrautir horfði ég til himins og sagði ég það eina sem mér kom í hug "nei þetta er ekki hægt".


En allt fór eins og þeir sögðu enn eitt Íslandsmótið enn stærra og ekki síður að knöpum og hestum búið en árið áður í Mosfellsbæ. Fyrir hönd íþróttaráðs og þáttakenda þökkum við frábærar stundir og hlýhug allra starfsmanna. Glæsilegasta Íslandsmóti í Hestaíþróttum til þessa lauk með veglegri verðlaunaafhendingu á sunnudegi og enn einu sinni kærar þakkar það verður ekki auðvelt að gera betur.

Hestaíþróttamaður ársins 1988 var kjörinn Sævar Haraldsson og hlaut hann hinn veglega farandbikar gefinn af Bifreiðum og landbúnaðarvélum sem kallast "Lada bikarinn"

Aðeins hefur verið drepið á það helsta í starfi og verkum íþróttaráðs sem nú fer smátt og smátt að hætta starfsemi sinni og við tekur hið nýja Hestaíþróttasamband H.I.S.

Ég vil að lokum þakka samstarfsmönnum mínum fyrir starfsárið þótt veturinn hafi orðið erfiður til fundarhalda tókst okkur að ljúka þeim störfum sem okkur var falið ávallt í tæka tíð og tel ég að þetta síðasta starfsár íþróttaráðs L.H. hafi verið farsælt.

Samstarf við stjórn L.H. var að venju með ágætum og þakka ég þeirra aðstoð.

f.h. íþróttaráðs L.H.

Pétur Jökull Hákonarson.

ÐAÐALFUNDUR F.E.I.F. 1989

Vaxandi verkefni og aukin umsvif.

Ðaðalfundur F.E.I.F. 1989 var haldinn í Ærósum þann 21. ágúst sl. Fundinn sóttu fulltrúar frá öllum aðildarfjóðum sambandsins auk áheyrnarfulltrúum frá Færeyjum en þar hefur verið stofnað islandshestafélag er leitað hefur inngöngu í F.E.I.F.

Marit Jonsson forseti F.E.I.F. setti aðaðalfundinn og bauð fundarmenn velkomna en aldrei hafa jafnmargir aðilar setið fundinn enda aðildarlöndin orðin 14 alls. Gengið var til dagskrárinna samkvæmt fundarboði og var því byrjað á skýrslu forseta en í henni kom fram allt það helsta sem að samtökin hafa fengist við sl. ár. Þar kemur fram að stjórnin hefur haft ýmislegt að starfa við varðandi Evrópumótið og undirbúnning þess. Einnig voru samþykktar reglur Breska islandshestafélagsins sem þar með fullgilti aðild Bretta. Einnig voru reglur um mótshald og framkvæmd Evrópumóta endurbættar en þær eru ætlaðar skipuleggjendum Evrópumóta til halds og trausts. Þá var gefið út Fréttabréf F.E.I.F. auk þess sem að nýjar íþróttareglur voru gefnar út ásamt leiðbeiningum fyrir kynbótadómara og starfsreglur fyrir þá.

Í tilefni 20 ára afmælis F.E.I.F. var gefinn út kynningarbæklingur um starfsemi samtakanna sem gerir grein fyrir markmiðum og stefnu og var hann útgefinn bæði á ensku og þýsku.

Sú nýbreitni er nú hjá samtökunum að opnuð hefur verið verslun þar sem hægt er að kaupa allt það sem F.E.I.F. hefur gefið út og hefur til sölu til kynningar á samtökunum og íslenska hestinum og það sem á boðstólum er eru ýmsar bækur ásamt plakötum, reglur og samþykktir og margt fleira er þessu tengist.

Þá kom fram hjá forsetanum að á Ítaliu er vaxandi áhugi fyrir íslenska hestinum og þar hefur verið stofnað félag áhugamanna um íslenska hestinn og þess vænst að sá félagsskapur geti orðið aðili að F.E.I.F. innan tíðar. Að lokinni skýrslu forseta gerðu aðrir stjórnarmenn grein fyrir sínum störfum:

Ræktunarfulltrúi F.E.I.F., Hans Björn Boudri, nefndi tvö mál markverðust á hans vettvangi en það væri útgáfustarfsemi er varðar ræktun íslenska hestsins og ráðstefna um hrossarækt og dómaranámskeið er efnt var til á Hólum í Hjaltadal.

Íþróttareglur F.E.I.F., Stefnan Langvad, gat þess að hinna nýju íþróttareglur FIFO hafi verið gefnar út á árinu og þar með bundinn endir á áralanga endurskoðun þessarra reglna.

Þá nefndi hann einnig að efnt hafi verið til dómararáðstefnu, auk þess að F.E.I.F. hafi stutt ráðstefnu um keppni og mótahald er fram fór í Zurich fyrr á árinu.

Unglingafulltrúi F.E.I.F., Eva Maria Gerlach, fjallaði um vel heppnaða hópferð unglingsa er fóru riðandi frá Þýskalandi til Evrópumótsins og naut hún þar aðstoðar nokkurra aðila frá Danmörku auk þess sem að unglingsfulltrúi L.H. Kolbrún Kristjánsdóttir var henni til aðstoðar en nokkrir íslenskir báttakendur voru með i ferðinni. Þá nefndi hún einnig ungmennastarfíð innan F.E.I.F. að öðru leyti og kom inn á það að unglingsbúðir verða starfræktar í Sviss næsta sumar. Upplýsingafulltrúi F.E.I.F., Porgeir Guðlaugsson, kynnti hið nýja Fréttabréf F.E.I.F. sem kemur nú út fjórum sinnum á ári og er sent öllum aðildarfjóðum og ýmsum fleirum er áhuga

hafa. Fram kom á fundinum mikill áhugi á þessu fréttabréfi og var stjórninni bent á þann möguleika að jafnvel selja fréttabréfið í beinni áskrift. Þessi hugmynd féll almennt í góðan jarðveg.

Gjaldkeri F.E.I.F. Ueli Solka, gerði grein fyrir fjárhagsstöðu samtakanna sem virðist vera nokkuð traust þó sifellt verði að leita nýrra fjárlunarleiða til að fjármagna ný verkefnis sem alltaf eru í vexti. Kom fram hjá honum að á síðasta ári voru heildartekjurnar rúmlega 18.000 Sfr þar sem meginhlutinn, 60% var framlag aðildarfélaganna en tæplega 30% voru tekjur af útgáfustarfsemi. Helstu útgjaldaliðirnir tengdust líka útgáfunni og almennum rekstri samtakanna. Fjárhagsáætlun þessa starfsárs var rædd og samþykkt með þeirri breytingu að til upplýsingastarfs var veitt 4000 Sfr í stað 1500 Sfr og verða upplýsingastarfið og unglingsstarf því fjárfrekstu viðfangsefni F.E.I.F. á næstunni.

Að þessum umræðum loknum var efnt til kosninga. Samkvæmt dagskránni var kosið um stöðu varافorseta, ræktunarfulltrúa, unglingsfulltrúa og gjaldkera og buðu allir stjórnarmenn sig áfram til endurkjörs og hlutu einróma kosningu. Enginn ritari starfaði innan stjórnarinnar sl. ár en Sigurður Ragnarsson gegndi þeirri stöðu til bráðabirgða en Dorothea Kaspar frá Austurríki var kjörin til þess starfa nú.

Stjórnin er því þannig skipuð núna:

Mari Jonsson, Danmörku, forseti,
Sigurður Ragnarsson, Islandi, varaforseti,
Dorothea Kaspar, Austurríki, ritari,
Ueli Solka, Sviss, gjaldkeri,
Hans Björn Boudri, Hollandi, ræktunarfulltrúi,
Stefan Langvad, Danmörku, iþróttafulltrúi,
Eva Maria Gerlach, Þýskalandi, unglingsfulltrúi,
Porseir Guðlaugsson, Islandi, upplýsingafulltrúi.

Aðeins tvær tillögur lágu fyrir fundinum, en báðar voru dregnar til baka og látnar biða betri tíma en þær fjölluðu annars vegar um breytingar á iþróttakeppnisreglum og hins vegar um kjör stjórnarmanna m.a. varaforsetaembætti. Að þessu samþykktu var tekin fyrir umræða um önnur mál. Þar bar hæst umræðan um næsta Evrópumót árið 1991. Samkvæmt reglum F.E.I.F. skulu þau lönd sem ekki hafa haldið Evrópumót áður jafnan hafa forgang en engin formleg beiðni lá þó fyrir að þessu sinni. Frakkland er þó næst í röðinni en taki þeir ekki mótið verður leitað til Belga, Finna eða Kanadamanna en sjái þeir sér ekki fært að halda mótið skal leita til þeirra þjóða er áður hafa séð um mótin, Svísslendinga fyrst en síðan Hollendinga, Norðmanna, Þjóðverja, Sví, Austurrikismanna og að síðustu til Dana. Frökkum var gefinn umþóttunartimi til umsóknar til áramóta en aðrar aðildarþjóðir virtust ekki reiðubúnar til að taka mótið að sér en nokkrar þjóðir óskuðu eftir fresti til að kynna málið í sinu heimalandi. Er því allt á huldu um framtíð næsta Evrópumóts en þó fastlega vonast til þess að Frakkar taki að sér móttshaldið. Hins vegar sóttu Hollendingar formlega um Evrópumótið 1993 og var samþykkt að staðfesta þá umsókn. Fram kom í umræðunum að ísland á alltaf fyrsta rétt að halda Evrópumót þótt sá kostur sé aldrei raunhæfur en þeirri hugmynd var hins vegar haldið á lofti á fundinum að íslendingar gætu hugsað sér þáttöku á samstarfi við Evrópumót með t.d. samvinnu við eitthvert af

smærri samböndunum t.d. Finnland eða Frakkland eða jafnvel með hópi íslendinga sem búsettir eru erlendis s.s. í Þýskalandi. Þessi hugmynd var ekki rædd til hlýtar enda miðg ný af nálinni en gæti greinilega komið til skoðunar ef Frakkland eitt og sér treystir sér ekki til að taka Evrópumótið.

Pá kom fram tillaga frá Bandaríkjamönnum þar sem að lagt var til að kalla Evrópumótin Heimsmeistaramót. Pótti mönnum að þar væri um eðlilega tillögu að ræða sem var samþykkt. Þá má nefna að næsti aðalfundur samtakanna verður haldinn á felandi og mun Landssamband hestamannafélaga annast þann undirbúnning i tengslum við Landsmótið.

Af annarri starfsemi samtakanna má nefna að haldnir hafa verið brir stjórnarfundir á árinu og sóttu íslendingar þá alla auk virkrar þátttöku íslendinga í flestum námskeiðum og fundum er varða dómaramál og félagslega þátttöku.

Fulltrúar á þessum aðalfundi fyrir fílands hönd voru þeir Kári Arnórsson formaður L.H. og Þórir Jökull Hákonarson og þeirra innlegg i umræðurnar jákvæð og máléfnaleg.

Um kvöldið var síðan haldinn kvöldverður í nafni F.E.I.F. þar sem allir fulltrúar sem tök áttu á hittust og hafa þessir fundir oft styrkt samband milli landa þar sem fulltrúar geta rætt málín á frjalsari hátt og óbundnari en á sjálfum fundunum og lauk þannig aðalfundi F.E.I.F. á 20. starfsári félagsskaparins.

Sigurður Ragnarsson,

LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA

REKSTRARREIKNINGUR
01.01. TIL 31.12.1988

Tekjur:

	Skýr.	1988	1987
Árgjöld Sambandsfélaga.....(3)	2.749.950,00-	2.382.450,00-	
Styrkur úr ríkissjóði.....	100.000,00-	80.000,00-	
Landsmót 1986.....	1.200,00-	247.000,00-	
Útgáfa blaðsins "Hestar".....(4)	0,00	10.000,00-	
Útgáfa smárita og filmuleiga.....(5)	99.100,00-	134.434,20-	
Rekstur Skógarhóla.....(6)	71.895,00-	44.097,60-	
Vaxtatekjur.....	133.118,18-	220.237,64-	
Tekjur alls.....	3.155.263,18-	3.118.219,44-	

Gjöld:

Laun og launakostnaður á skrifst.....(7)	1.052.125,00	819.321,00
Annar skrifstofukostnaður.....(8)	624.504,45	585.261,09
Þinghald og fundir.....(9)	228.712,00	147.963,50
Akstur og ferðakostnaður.....(10)	116.883,00	77.087,00
Námskeiðahald o.þh.....	91.926,00	35.096,00
Áningaráhlíf Hveravöllum.....	34.228,00	12.190,00
Áningaráhlíf Hvítárnesi.....	0,00	8.351,00
Kostnaður við æskulýðsstarf.....	344.053,30	162.285,00
Annar kostnaður.....(11)	85.348,20	108.881,90
Vaxtagjöld og verðbætur.....	137.540,00	195.043,40
Afskriftir áhhalda og innr.....	13.267,00	29.711,00
Gjöld alls.....	2.728.586,95	2.181.190,89
Hagnaður af rekstri.....	426.676,23-	937.028,55-

Óráðstafað eigið fé:

Yfirfært frá fyrra ári.....	3.709.657,08-	828.134,53-
Rekstrararárangur skv.ofanskráðu.....	426.676,23-	937.028,55-
Matsbreyting húss Skógarhólum.....	28.000,00-	26.000,00-
Leiðréttigar v/fyrri ára.....	4.400,00-	48.494,00-
Framl.v/hlutafjárkaupa.....	0,00	1.870.000,00-
Yfirfært til næsta árs.....	4.168.733,31-	3.709.657,08-

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR:

Veltufjármunir:

	Skýr.	1988	1987
Sjóður og bankainnisteður.....(12)		246.954,51	960.026,98
Fyrirframgr.kostn & viðsk.kröfur....(13)		20.569,26	146.936,00
Birgðir(smárit, lög, reglug., myndb....(1)		200.000,00	200.000,00
Veltufjármunir alls.....		467.523,77	1.306.962,98

Fastafjármunir:

Hlutafé í Reiðhöllinni hf.....		2.870.000,00	2.870.000,00
Kvikmyndir		128.040,00	128.040,00
Skrifstofuáhöld og innréttningar.....(14)		26.013,00	19.840,00
Girðing Hvítárnesi.....		2.200,00	2.200,00
Skógarhólar, hús(fasteignagm).....(1)		166.000,00	138.000,00
Skógarhólar (endurbætur - afskr).....(15)		1.363.039,04	67.160,00
Fastafjármunir alls.....		4.555.292,04	3.225.240,00
EIGNIR SAMTALS.....		5.022.815,81	4.532.202,98

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
31. DESEMBER 1988

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

Skammtimaskuldir:

	Skýr.	1988	1987
Ógr.kostn. og viðskiptaskuldir.....(16)		424.339,50-	263.427,90-
Reiknuð opinber gjöld (v/launa).....		30.920,00-	23.000,00-
Skammtimaskuldir alls.....		455.259,50-	286.427,90-

Áningasjóður:

Óráðstafaður beitarskattur.....(2)		398.823,00-	536.118,00-
Skuldir og áningarsjóður alls...		854.082,50-	822.545,90-

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé.....		4.168.733,31-	3.709.657,08-
Eigið fé alls.....		4.168.733,31-	3.709.657,08-
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS.....		5.022.815,81-	4.532.202,98-

Reykjavík 10. október 1989


Gunnar B. Gunnarsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur Landssambands hestamannafélaga höfum yfirfarið ársreikning Landssambandsins fyrir árið 1988. Við teljum að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri L.H. árið 1988 og efnahag þess 31.12 1988. Hafa verður þó í huga að nú á haustdögum 1989 hefur bú Reiðhallarinnar h.f. verið tekið til gjaldþrotaskipta og allt bendir því til þess nú, að hlutafé i Reiðhöllinni h.f. sé tapað. Við mælum með að ársreikningur L.H. 1988 verði samþykktur.

Reykjavík 10. október 1989

 
Gisli B. Björnsson Þorvaldur Þorvaldsson

Skýringar með ársreikningi 1988
LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

1) Ársreikningur Landssambands hestamannafélaga fyrir árið 1988 er saminn eftir sömu reikningsskilaðferðum og ársreikningur fyrra árs. Hesthús á Skógarhólum er eignfært á fasteignamati kr. 166.000. Fasteignamatsverð landsins er ekki eignfært. Mótfærsla fasteignamatshækunar hússins er færð á óráðstafað eigið fé, sem er eini tilfærði eiginfjárreikningur Landsambandsins. Brunabótamat hússins 1/l. 1989 var kr. 4.180.000. Skúr vörslumanns er eignfærður með endurbótum á Skógarhólum á kaupverði kr. 200.000.- að frádreginni afskrift kr. 10.000.-.

Nú sem fyrr er ekki tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á eignir og skuldir sambandsins í ársreikningnum.

Birgðamat bóka, reglugerða og myndbanda er hið sama og í uppgjöri fyrra árs eða kr. 200.000.-, sem er verulega lægra en reiknað söluverð þeirra. Eignir eru afskrifaðar um 10% á ári. Afskriftir af uppbyggingu ársins á Skógarhólum miðast við 1/2 árs afskrift eða 5%.

2) Óráðstafaður beitarskattur.

Beitarskattur var innheimtur árin 1983, 1984 og 1985. Skattur þessi, sem ráðstafa má í ákveðnum tilgangi sbr. ákvörðun ársþings 1982, hefur safnast upp sem hér greinir:

Innkominn beitarskattur 1983-1985.....	Kr.	840.581
Vextir ársins 1983-1987.....	"	292.362
Vextir ársins 1988.....	"	<u>127.447</u>
	Kr.	1.260.390

Frá dregst:

Ráðstöfun 1983-1987.....	Kr.	596.825
" 1988.....	"	<u>264.742</u> kr. 861.567
Óráðstafað 31. 12. 1988	Kr.	398.823
=====		

3) Árgjöld sambandsfélaga:

Samkvæmt uppgjörum aðildarfélaga L.H. voru félagsmenn þeirra alls 6.352 sem greitt var af til sambandsins og hefur fækkað um 455 frá fyrra ári. Fullt gjald er gr. fyrir 5.870 félagsmenn og ungingagjald fyrir 482. Við þennan félagafjölda miðast tekjufærsla í rekstrarreikningi kr. 2.749.950, sjá meðfylgjandi skrá á bls. 9-10.

Árgjöld samkv. uppgjöri til L.H. 1988
 LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

	<u>Félagsmenn</u>		<u>Árgjöld</u>
	Fullorðnir	Unglingar	
Andvari.....	153	15	Kr. 72.225
Blakkur.....	50	0	" 22.500
Blær.....	48	4	" 22.500
Dreyri.....	125	0	" 56.250
Faxi.....	224	8	" 102.600
Fákur.....	711	121	" 347.175
Feykir.....	53	0	" 23.850
F.T.....	76	0	" 34.200
Freyfaxi.....	219	9	" 100.575
Geisli.....	42	8	" 20.700
Geysir.....	312	13	" 143.325
Glaður.....	147	5	" 67.275
Glófaxi.....	45	2	" 20.700
Glæsir.....	53	12	" 26.550
Gnýfari.....	35	8	" 17.550
Goði.....	29	0	" 13.050
Grani.....	59	6	" 27.900
Gustur.....	275	30	" 130.500
Háfeti.....	64	17	" 32.625
Hending.....	44	11	" 22.275
Hornfirðingur.....	103	1	" 46.575
Hörður.....	315	8	" 143.550
Kinnskær.....	40	7	" 19.575
Kópur.....	93	13	" 44.775
Léttfeti.....	136	1	" 61.425
Ljúfur.....	66	13	" 32.625
Logi.....	109	4	" 49.950
Máni.....	156	17	" 74.025
Neisti.....	80	6	" 37.350
Óðinn.....	53	1	" 24.075
Sindri.....	139	8	" 64.350
Sleipnir.....	283	7	" 128.925

Árgjöld skv. uppqjöri til L.H.1988
LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

	<u>Félagsmenn.</u>		<u>Árgjöld.</u>
Fullorðnir Unglingar			
Smári.....	268	4	Kr. 121.500
Snarfari.....	30	0	" 13.500
Snæfellingur.....	218	10	" 100.350
Snæfaxi.....	50	0	" 22.500
Stígandi.....	186	0	" 83.700
Stormur.....	96	15	" 46.575
Svaði.....	73	26	" 38.700
Sörli.....	263	42	" 127.800
Trausti.....	134	6	" 61.650
Þjálfi.....	110	8	" 51.300
Þytur.....	<u>105</u>	<u>16</u>	" <u>50.850</u>
	5.870	482	Kr. 2.749.950
=====			

(Fullt árgjald fyrir hvern félagsmann 1988 var kr.450 og ungingagjald var kr. 225)

HESTURINN OKKAR
REKSTRARREIKNINGUR
01.01. TIL 31.12.1988

Rekstrartekjur:

	Skýr.	1988	1987
Áskriftir og lausasala.....(2)	3.068.122,60-	2.750.409,00-	
Auglýsingar.....	502.500,00-	554.000,00-	
Vaxtatekjur af bankareikningum.....	171.951,02-	108.715,65-	
Rekstrartekjur alls.....	3.742.573,62-	3.413.124,65-	

Rekstrargjöld:

Kostnaðarverð seldra blaða.....(3)	1.669.595,00	1.981.741,00
Laun og launat.gjöld.....(4)	1.121.603,00	613.088,00
Annar rekstrarkostnaður.....(5)	538.169,00	590.573,00
Kostnaður v/útg.bókar(Sögu L.H.)....(1)	97.713,10	60.915,00
Afskriftir.....	32.971,00	32.971,00
Vaxtagjöld.....	6.135,35	0,00
Rekstrargjöld alls.....	3.466.186,45	3.279.288,00
Tekjur umfram gjöld.....	276.387,17-	133.836,65-

Óráðstafað eigið fé:

Yfirfært frá fyrra ári.....	1.108.006,65-	974.170,00-
Rekstrarárangur skv.ofanskráðu.....	276.387,17-	133.836,65-
Yfirfært til næsta árs.....	1.384.393,82-	1.108.006,65-

HESTURINN OKKAR
EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR:

Veltufjármunir:

Skýr.	1988	1987
Bankareikningar.....(6)	574.212,28	870.320,65
Útistandandi áskriftir.....	210.000,00	410.000,00
Útistandandi augl.tekjur.....(7)	451.626,00	337.500,00
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	44.771,00	0,00
Birgðir bóka.....(1)	350.000,00	0,00
Veltufjármunir alls.....	1.630.609,28	1.617.820,65

Fastafjármunir:

Skrifst.áh. og innréttigar.....(8)	139.329,00	172.300,00
Fastafjármunir alls.....	139.329,00	172.300,00

EIGNIR SAMTALS.....	1.769.938,28	1.790.120,65
=====	=====	=====

- 31 -
HESTURINN OKKAR
31. DESEMBER 1988

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

Skammtímaskuldir

	Skýr.	1988	1987
Yfirdráttur á tékkareikningi.....		237.717,46-	0,00
Ógreiddur kostnaður.....(9)		70.285,00-	682.114,00-
Ógr.Lifeyrissj.o.fl.v/starfsm.....		4.025,00-	0,00
Launaskattur.....		34.446,00-	0,00
Staðgreiðsluskattur v/stm.....		12.244,00-	0,00
Reikn.opinber gjöld ársins.....		26.827,00-	0,00
Skammtímaskuldir alls.....		385.544,46-	682.114,00-


Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé.....	1.384.393,82-	1.108.006,65-
Eigið fé alls.....	1.384.393,82-	1.108.006,65-

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS.....

1.769.938,28- 1.790.120,65-

Reykjavík 15. október 1989



Gunnar B. Gunnarsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur L.H., höfum yfirfarið framanskráðan ársreikning Hestsins Okkar fyrir 1988.

Við teljum, að ársreikningurinn, sem samanstendur af rekstrarreikningi ársins 1988 efnahagsreikningi pr.31.12.188, skýringum og sundurliðunum nr.1-9, gefi glögga mynd af rekstri blaðsins árið 1988 og stöðu þess i árslok. Okkur þykir þó rétt að benda á, að meðal útistandandi auglýsinga eru kr. 140.000.- v/Reiðhallarinnar h.f.. Nú bendir allt til þess að krafa þessi sé töpuð. Við mælum með að ársreikningur Hestsins Okkar fyrir árið 1988 verði samþykktur.

Reykjavík, 15. október 1989


Gisli B. Björnsson
Þorvaldur Þorvaldsson

HESTURINN OKKAR

Skýringar og sundurliðanir með ársreikningi 1988.

- 1) Ársreikningur Hestsins okkar fyrir árið 1988 er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs.

Í íslenskum reikningsskilum er venja að sýna áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir félaga. Í uppgjörum Hestsins Okkar á liðnum árum hefur ekki verið leitast við að sýna þessi áhrif, svo er ekki heldur gert nú. Rétt þykir þó, að gefa hugmynd um hvernig verðbreytingarfærsla þessi yrði, ef reiknuð væri.

Miðað við stöðu peningalegra eigna og skulda í upphafi reikningsársins, og meðaltalshækkun byggingavísitaölu milli áranna 1987 og 1988, myndi gjaldfærsla af þessum sökum nema Kr. 172.919 til frádráttar vaxtatekjunum. Mótærsla þessarar færslu færðist á eigið fé.

Skrifstofuáhöld blaðsins eru ekki endurmetin en afskrifuð um 15%.

Nú sem fyrr er ekki lagt mat á verðmæti óseldra blaða og því eru engar blaðabirgðir færðar til eignar.

Á árinu var lokið við útgáfu afmælisritsins "Í morgunljómann". Færslur v/þessarar útgáfu á árinu voru eftirfarandi:

Kostnaður v/útgáfunnar	Kr. 834.774.30
Vextir " "	" 78.000.00
Útgáfukostnaður alls	Kr. 912.774.30

Frá dregst:

Sala á bókinni	Kr. 465.061.20
Birgðir í árslok	" 350.000.00
Yfirlægð á rekstur	Kr. 97.713.10
=====	



Hveragarður OLÍS
Breiðumörk 21, Hveragerði, sími 34655
Opið öll kvöld til kl. 22.00



Pótsendum hvert á land sem er

HESTAMADURINN

Sérverslun með hestavörur, Ármúla 38, sími 681146.

Baldvin & Þorvaldur
SÖÐLASMÍÐAVERKSTÆÐI
AUSTURVEGI 21, SELFOSSI, SÍMI 98-21900
Pótsendum

BAULA

Bæjarhrauni 4 Hafnarfirði
Sími: 652111

VÉLALEIGA

Sandsala – Fyllingarefní
Tilboð eða tímavinna
VINNUVÉLAR A MICHELSEN sf.
98-34166 - 34180 ★ 985-22866

FLÚÐASVEPPIR

SÍMI 98-66787

Þegar gott er gert betra!

,,BRINGAN
UPP!“



FOSSNESTI

AUSTURVEGI 46/48 — SELFOSSI

**LITLA
KAFFISTOFAN**
SVÍNAHRAUNI

Kaffi og kleinur!

**MJÓLKURBÚ
FLÓAMANNA
SELFOSSI**




Sambands Reiðhestablanda
FÓÐURSTÖÐ – KORNGARDI
SÍMI 685616

Morgunblaðið



ÍSLENSKT
KJARNFÓÐUR
FÓÐURBLANDAN H/F
Korngárdi 12
91-687766



HÓTEL ÖRK

Leitið ekki
langt yfir
skammt

